

1. Vegurinn um Njarðvíkur, Keflavík, Leiru, Garð, Sandgerði og Stafnes.
  2. Vegurinn frá Innri-Njarðvík til Hafna.
  3. Vegurinn til Grindavíkur.
- Landamerki þessara kaupþúna og svæða verða auðkennd með staurum máluðum rauðum og hvítum.

41

18. maí

#### Bannsvæði.

Allir þeir staðir, þar sem tæki eru sett upp, mannvirki reist eða hernaðarstörf framkvæmd, innan þess svæðis, sem aðeins takmörkuð umferð er leyfð um, eða eru afgirtir og merktir sem slíkir, eru bannsvæði.

Íslendingar mega ekki fara inn á áður nefnd svæði, sem hönnuð eru eða aðeins leyfð takmörkuð umferð um, nema þeir hafi í höndum tilhlýðileg vegabréf. Vegabréf samþykkt af íslensku ríkisstjórninni fást, þegar um þau er beðið hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði og lögreglustjóranum í Keflavík, og munu þeir leiðbeina umsækjanda til hlutaðeigandi ameríks starfsmanns. Umsókninni skulu fylgja tvær myndir af umsækjanda,  $5 \times 5$  cm á stærð. Umsóknin skal tilgreina þann sérstaka hluta takmarkaðs eða bannaðs svæðis, sem umsækjandinn óskar að fara um, og sömuleiðis á hvaða tíma eða tímum og í hverjum tilgangi hann hyggst að fara þar inn. Sá, sem fer um takmarkaða eða bannaða svæðið, skal ávallt bera á sér vegabréf sitt.

Engar ljósmyndavélar eða myndatökuáhöld má fara með inn á takmarkað eða bannað svæði, né geyma þar.

Vegabréf þurfa Íslendingar ekki til þess að ferðast um neðangreinda vegi:

1. Veginn um Njarðvíkur, Keflavík, Leiru, Garð, Sandgerði og Stafnes.
2. Veginn frá Innri-Njarðvík til Hafna.
3. Veginn til Grindavíkur.

Þar, sem vegir þessir liggja um þau svæði, sem umferð er takmörkuð um, er frjálst að fara um veginn, en hvorki má farartæki né maður staðnæmast þar né dvelja.

Íslenskar flugvélar mega ekki fljúga yfir áðurgreind svæði, sem umferð er takmörkuð um, og eigi nær þeim en í 24 km fjarlægð.

#### Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 27. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um endurnýjun ferðaskírteina skipa hjá brezku hernaðaryfirvöldunum.

42

27. maí

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezku hernaðaryfirvöldunum.

#### Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 38. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um ljósmyndatökubann herstjórnar Bandaríkjanna.

43

8. júlí

Herstjórn Bandaríkjanna hefur bannað ljósmyndatökur á Gróttu við Reykjavík og í Hvalfirði, einnig á öllum flugvöllum, flugvélastýlum, fallbyssustæðum, loftvarnarbyssustæðum, strandvarnarbyssustæðum, höfnum og hafnarmannvirkjum. Einnig er bannað að ljósmynda flugvélar, herstöðvar og herskip.